Fjölbrautaskóli Suðurlands

Vorönn 2024

# FATN1SX05

## Textílmennt - Sérnámsbraut

| **Kennari:** | **Þuríður Ingvarsdóttir (ÞIN) thury@fsu.is** |
|---|---|

**Áfangalýsing:**

Áhersla er lögð á þjálfun í mismunandi vinnubrögðum í tengslum við handmennt s.s. notkun saumavélar, útsaum, prjónaskap og fleira. Þjálfunin er tengd við aukna færni í fínhreyfingum og samhæfingu. Nemendur fá tækifæri til að auka færni sína á afmörkuðum sviðum innan greinarinnar sem getur nýst í daglegu lífi, tómstundum eða á vinnustað. Áhersla er lögð á að efla sjálfsöryggi, hugmyndaflug, sköpunar- og vinnugleði nemandans. Viðfangsefnin eru miðuð við getu og þroska hvers nemanda.

**Undanfari:** Enginn

**Þekkingarviðmið:**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hagnýtum vinnubrögðum sem nýtast honum í leik og starfi.
- einföldum prjónaaðferðum, útsaumi, notkun saumavélar o.fl.
- vandvirkni við frágang.
- mikilvægi þess að geta haft ofan af fyrir sjálfum sér.

**Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- hagnýtum vinnubrögðum tengdum ýmsu handverki.
- fara eftir uppskriftum við mismunandi handverk.
- fara eftir einföldu sniði til fatagerðar eða annars vélsaums.
- ganga frá verkefnum (lokafrágangur).
- stytta sér stundir við ýmiss konar handverk.

**Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hafa ofan af fyrir sér með mismunandi handverk, sem metið er með leiðsagnarmati.
- vinna sjálfstætt ýmist handverk við hæfi, sem metið er með virkni í kennslustundum
- velja verkefni við sitt hæfi, sem metið er með virkni í kennslustundum og leiðsagnarmati.
- ganga snyrtilega frá verkefnum, fela enda o.frv., sem metið er með verklegum æfingum.

**Námsefni:**

Blöð og bækur sem tengjast ýmiskonar hönnun og handverki

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Dæmi:

| Vika | Dagsetning | Námsefni - viðfangsefni | Próf og verkefni |
|---|---|---|---|
| 1 | 9.-11.jan | Kynning, skipulag og skissugerð | Skissa af eigin handverki, merkt og skýrt með stikkorðum |
| 2-18 | 16.jan-7.maí | Eigið handverk ákveðið og undirbúið. A.m.k. einn hlutur framleiddur og fullunninn<br>Samtal um möguleika, áhuga og framkvæmd | Vinna í tímum og tilbúin verkefni |

**Sérreglur áfangans:**

1. Hver nemandi skal vera með körfu utan um verkefni sín og möppu til að halda utan um teikningar, snið og fleira.
2. Nemandi taki þátt í því að skipta persónulegri kennslu á milli sín á annarra nemenda, þ.e. að vinna sjálfstætt í t.d teikningu eða öðrum verkefnum á meðan beðið er eftir aðstoð kennara.
3. Efnisgjald skal greiðast á skrifstofu skólans. Nemandi fær efni í einfalda nytjahluti úr textíl, ásamt afnotum af öllum tækjum, áhöldum og efnivið sem Hönnunardeild FSu hefur yfir að ráða.

**Fyrirkomulag námsmats:**

Dæmi:

| Námsþáttur | Lýsing á námsmati | Vægi |
|---|---|---|
| Símat | Símat í samstarfi nemenda og kennara. Vinna við hvert og eitt verkefni metið jafnóðum. Leiðsagnarmat haft til hliðsjónar. | 30% |
| Mæting og virkni | Mæting og virkni í hverri kennslustund metin jafnt og þétt. | 70% |

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Fjölbrautaskóla Suðurlands**

**4.janúar 2024**

**Þuríður Ingvarsdóttir**